

Starfsáætlun leikskólans

Víðivalla

2021 – 2022



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
1. Inngangur	7
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	9
2.4 Matsáætlun	10
2.1 Innra mat leikskólans.....	10
2.2 Húsnæði og lóð.....	11
2.3 Ytra mat.....	11
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	12
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	14
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	14
4. Starfsmannamál	15
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	16
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	16
4.3 Símenntun frá síðasta ári	16
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	16
5. Aðrar upplýsingar	17
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	18
5.2 Foreldrasamvinna.....	18
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	19
5.4 Almennar upplýsingar	19
5.5 Áætlanir.....	20
Fylgirit.....	20
• Matsgögn.....	20
• Leikskóladagatal	20
• Umsögn foreldraráðs.....	20
• Annað	Error! Bookmark not defined.

1. Inngangur

Skólaárið hófst með hefðbundnum hætti þó aðeins hægar en áður sökum sumaropnunar. Aðlögun milli deilda hófst í lok ágúst og þar næst komu ný börn inn í leikskólann. Aðlögun stóð út september. Aðlögun hófst svo aftur í lok janúar en þá innrituðum við níu börn til viðbótar. Deildarstjórinn á Kanínudeild lauk störfum í sumar og var því leikskólakennari sem hefur starfað á Víðivöllum í 3 ár ráðin í stöðu deildarstjóra á Kanínudeild. Starfsmaður sem var að leysa deildarstjóra á Kisudeild af fór í fæðingarorlof og háskólamenntaður starfsmaður tók við hennar stöðu.

Vegna covid-19 höfum við bæði fellt niður viðburði, seinkað viðburðum og endurmetið framkvæmd viðburða hjá okkur. Það komu upp þrjú smit hjá okkur, á þremur deildum á þorláksmessu og því eyddu flest öll börn og starfsmenn jólnum í sóttkví. Þann 3.janúar var auka starfsdagur hjá leikskólum um allt land. En þá var smitum að fjölga töluvert í samfélaginu og viðbúið að skólastarf myndi skerðast. Um miðjan febrúar hafði 80% af starfsfólki Víðivalla smitast af covid-19. Þann 25.febrúar hafði öllum takmörkunum vegna covid-19 verið aflétt og veirunni sleppt í samfélagið. Mars var strembinn tími á Víðivöllum, mikið um veikindi hjá starfsfólki og erfitt að manna deildir. En í mars þurftum við að senda börn fyrr heim níu sinnum vegna faliðunar.

Það er ómetanlegt að geta boðið fjölskyldum barnanna okkar að koma og kynnst starfinu og við bjóðum þeim hingað við ýmis tækifæri á hverju starfsári. Öllum þessum heimsóknum hefur verið frestað á þessu skólaári. En okkur tókst loks að hittast á foreldrafundi í maí. Þann 19.maí var haldinn foreldrafundur þar sem skólinn var kynntur og starfsemi hans. Á fundinum voru foreldrar og forráðamenn barna á Víðivöllum, sem og foreldrar og forráðamenn barna sem eiga pláss hjá okkur haustið 2022. Við vorum einstaklega ánægð með þann fund og mæting var langt fram yfir væntingar.

Vegna takmarkana var ýmislegt sem við þurftum að gera minna af eða sleppa og má þar nefna samstarf milli Víðvalla og Engildals- og Víðistaðaskóla. En elstu börnin okkar fengu loksins að fara í heimsókn í skólana á vorönn þessa skólaárs. Heimsóknir og ferðir sem elstu börnin okkar hafa gjarnan farið í féllu einnig niður að hluta t.d. heimsóknir barnanna á vinnustaði foreldra sem og fastar heimsóknir elstu barnanna á Hrafnistu.

Námsferð starfsmanna til Alicante var fyrirhuguð þann 24.maí. Ferðin var endurskoðuð vegna óvissu starfsmanna. Skipulagsdagurinn 25.maí var nýttur í að klára samskiptasáttmála leikskólans og skipulagsdagurinn 27.maí var nýttur í hópeflisferð sem endaði svo í Hveragerði þar sem starfsfólk fór ýmist í göngur eða slökun. Um kvöldið héldum við svo árshátíð í hátíðarsal Hótel Arkar.

Þennan vetur voru þrír háskólanemar hjá okkur, tveir leikskólakennaranemar og einn þroskaþjálfanemi. Það er gleði okkar og skylda að taka við nemum. Enda bætir það starfið okkar að fá inn ferska sýn, spurningar og vangaveltur nema.

Einn starfsmaður hjá okkur er við nám í leikskólakennarafræðum, einn í M.ed. í kennslufræði yngri barna í grunnskóla og tveir sem útskrifuðust úr leikskólalábrú frá Borgarholtsskóla í maí. Það er mikils virði að Hafnarfjarðarbær styðji og hvetji starfsfólk sitt til að fara í nám og auka þar með fagvitund sína og eflast sem einstaklingar og starfsmenn.

Sérkennsla er stór og órjúfanlegur þáttur hjá okkur á Víðivöllum og við leggjum okkur fram um að allir starfsmenn taki þátt í að skapa umhverfi þar sem allir eru virkir þáttakendur, óháð líkamlegu

eða andlegu atgervi. Á þetta bæði við um börnin og starfsfólkið, en í okkar starfsmannahópi eru tveir starfsmenn í atvinnu með stuðningi.

Desember er mikill uppbrotsmánuður og þá er brugðið útaf vananum á öllum deildum, en mis mikið eftir aldri barnanna. Elstu börnin sækja jólatré í skógrækt Hafnarfjarðar sem og fara með jólasbraut sem þau föndruðu í jólaþorpið. Að auki er þeim boðið að horfa á leiksýningu í Víðistaðakirkju.

Öllum börnunum er boðið í kyrrðarstund og kakó í fríkirkju Hafnarfjarðar og að heimsækja Sívertsen hús til þess að fræðast um jólni í gamla daga. Eldri börnin fara í heimsókn í Árbæjarsafn. Jólamatúr og jólaball er svo alltaf haldið á sama degi, en þá gleðjumst við saman í salnum, dönsuð í kring um jólatréð og fáum jólasveina í heimsókn.

Veturinn var stormamikill og þann 7. febrúar var skólanuð lokað til 13:00 vegna rauðrar viðvörunar. Á þorranuð héldu við þorrablot en þá bjuggu börnin til víkingahatta og fengu þorrasmaðk í hádeginu.

Þann 22. júní varð skotárás á feðga á leið í leikskóla úti á bílplani hjá okkur. Atvikið varð þegar leikskólinn var að opna eða um hálf átta. Lögreglan kom fljótlega og lokaði öllum leiðum að skólanuð, en áður en þeir lokuðu, voru 17 börn og 21 starfsmaður mætt í vinnu og skóla. Sérsvait og lögregla voru við vinnu og í samningsviðræðum við manninn í tæpar fimm klukkustundir. Lögreglan, almannavarnir, áfallateymi Hafnarfjarðar og fleiri voru í stöðugu sambandi við okkur yfir þann tíma sem aðgerðir stóðu yfir. Starfsmenn stóðu sig vel í upplýsingaöflun til foreldra og að láta börnunum líða sem eðlilegast.

Börnin fóru í vorferðir í júnímánuði, elstu börnin fóru á langasand með rútu og eyddu deginu í náttúrunni og fóru í heitu laugarnar. Næst elsti árgangurinn fór í dagsferð á Hvaleyrarvatn, fengu frábært veður, gátu sulað og skemmtu sér mikið.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

Starfssvið	Viðfangsefni	Matsþáttur	Viðmið	Ábyrgð	Þáttakendur	Aðferð	Tími
Haust- 2022							
Stjórnun	Skólanámsskrá	Stefna skólans	Innleiða stefnu sem á við skólann og starfsemi hans. Allir þekki stefnuna og starfi eftir henni	Leikskóla- stjóri	Allir starfsmenn	Hópavinna á starfsdögum og starfsmannafundum	September - Desember
Uppeldis og menntastarf	Samstarf deilda	Hópastarf	Að öll börn skólans fái sambærilega menntun.	Leikskóla- stjóri	Deildarstjórar, hópstjórar og leikskólastjórar	Vinnuhópar sem hittast og meta hvort starf sé sambærilegt milli deilda.	Ágúst - október og svo endurmetið reglulega
Vor -2023							
Mannauður	Starfsþróun	Símenntun	Að starfsmenn skólans fái tækifæri til þess að endurmennta sig.	Leikskóla- stjóri	Leikskóla- stjórar og starfsmenn skólans.	Samtal, könnun meðal starfsfólks.	Febrúar
Leikskólabragur	Velferð og líðan barna	Móttaka og skil	Að börnum líði vel þegar þau mæta í leikskólann og að þeim líði vel með daginn þegar þau fara heim.	Deildar- stjórar	Starfsfólk deilda, börn leikskólans	Broskarla- könnun í fataklefanum.	Mars

2.1 Innra mat leikskólans

Haustið 2022 var sett af stað matsteymi. Matsteymið hefur ekki fundað, stefnt er á að haldnir verði þrjú fundir á næsta skólaári, einn í september, einn í október og svo í mars.

Í matsteymi skólans sitja: Arnrún Einarsdóttir, leikskólastjóri. Svanhildur Birkisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. Rúna S. Örlygsdóttir, leikskólakennari. Erna Rósa Eyþórsdóttir, foreldri.

1. Starfsmaður í eldhúsi

- Metið í janúar-maí 2021
- Var metið með tilliti til þess hversu oft leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þurftu að leysa starfsmann í eldhúsi af þegar starfsmaður fór í styttingu eða var heima veikur.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku þátt í matinu.
- Niðurstöður voru að afleysing í eldhúsi kom niður á starfi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Starf starfsmanns í eldhúsi lagt niður og keypt þjónusta frá skólamat í staðin.

2. Aðgengi fatlaðra

- Metið í júlí 2021
- Aðgengi fatlaðra var metið með tilliti til fjölda nemenda með hreyfihömlun, einnig aðgengi foreldra með hreyfihömlun. Þá voru inngangar skólans metnir og bílastæði hans.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og húsumsjónamaður tóku þátt í matinu.
- Niðurstöður matsins sýndu að fjórir inngangar skólans: Kisudeild, Ungadeild, Bangsadeild og aðalinngangur, voru ekki aðgengilegir fyrir hreyfihamlaða. Kantar fyrir framan innganga of háir fyrir hjólastóla og göngugrindur. Hurðir eru

þungar og erfitt að opna. Þrjú sérmerkt stæði í kringum skólann. Vantar ramp upp á gangstétt á einu þeirra.

- Ætlum að fá rampa á alla innganga skólans sem og rafræna opnun. Rampar fóru í pöntun í september 2021, en hafa ekki skilað sér. Rafræn hurðaropnun á Ungadeild og Kanínudeild kom í september 2021.

3. Samskiptasáttmáli Víðivalla.

- Metinn Janúar – Maí 2022.
- Samskiptasáttmálinn var metinn með hópastarfi á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
- Allir starfsmenn skólans tóku þátt í matinu.
- Samskiptasáttmáli skólans sem var gerður 2018 var ekki nógu sýnilegur og starfsfólk var ekki að fylgja honum.
- Starfsfólk skólans bjó til nýjan samskiptasáttmála og ákveðið var að fara yfir hann á hverjum starfsmannafundi á næsta skólaári til að halda honum virkum. Einnig ætlum við að búa til plaköt og miða sem minna á samskiptasáttmálann í daglegu starfi.

2.2 Húsnæði og lóð

Úttekt á lóð var framkvæmd af öryggistrúnaðarmanni leikskólans. Niðurstöður voru að slæmur umgangur barna í brekku mynda hættulegar holur í jarðveginn. Ingibjörg garðyrkjustjóri kom í heimsókn og fór yfir lóðina ásamt leikskólastjóra og Stefáni verkefnastjóra framkvæmda.

Úrbætur:

- Ingibjörg fær verktaka til þess að laga hættulega staði á lóðinni (sjá skýrslu frá öryggistrúnaðarmanni)
- Athuga hvort hægt sé að leggja gúmmí-mottu yfir grasið í brekkunni til að minnka líkur á að jarðvegur losni upp úr.
- Leikskólastjóri og deildarstjórar ítreki umgang barna við starfsfólk skólans.

Úttekt á húsnæði var framkvæmd af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og Stefáni verkefnastjóra framkvæmda í apríl 2022. Niðurstaða úttektar sýndi að húsið lekur á nokkrum stöðum niður úr þakbitum og meðfram gluggum. Einnig kom fram að lýsing í húsnæðinu er ekki fullnægjandi, mikið flöktur á ljósum og ljóssastæði orðin gömul. Hljóðburður of mikill inni á deildum. Leikskólastjóri fór fram á að mæling á raka og myglu yrði gerð.

Úrbætur:

- Skipt verði um lýsingu inni á deildum skólans og hljóðeinangrun sett upp í leiðinni. Rafvirki og smiður hafa þegar komið á Víðivelli.
- Bætt verði úr lekum í þaki og gluggum.
- Mæling á raka og myglu var gerð í maí 2022. Skýrsla hefur ekki skilað sér frá Verkís.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast í mars 2022) og starfsmannakönnun sem framkvæmd var í mars 2022 af Skólapúlsinum.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur að umbótum	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?
Starfsmaður í eldhúsi	Stytting vinnuviku og fleiri fjarvistir starfsmanns í eldhúsi hafa truflandi áhrif á starf aðstoðarleikskólustjóra, sem endar oft í afleysingum.	Keyptur starfsmaður frá skólamat.	Leikskólustjóri	Júní 2021	Júní 2021	Lokið
Aðgengi fatlaðra	Inngangar skólans eru ekki aðgengilegir fyrir hreyfihamlaða. Kantar háir og hurðir þungar. Sérmerkt stæði eru þrjú en á einu þeirra vantar ramp upp á gangstétt.	Rampar settir á alla innganga skólans. Rafrænar opnanir á allar hurðir skólans.	Umhverfis- og skipulagssvið	Sept 2021	?	Lokið/Ólokið
Samskiptasáttmáli	Var gerður 2018, ekki nógu sýnilegur og ekki í virkri notkun.	Nýr, sýnilegur sáttmáli. Reglulega yfirfarinn.	Leikskólustjóri	Jan 2022	Maí 2022	Lokið, regluleg yfirferð
Lóð	Illur umgangur barna myndar hættu í brekkum.	Möguleiki að setja gúmmimottu yfir grasið í brekkum, svo jarðvegur losni ekki úr. Ítreka við starfsfólk að umgangur barna þurfi að vera betri.	Umhverfis- og skipulagssvið, Leikskólustjóri	Júní 2022	?	Lokið/Ólokið
Húsnæði	Lýsing flöktrar mikið. Leki í þakbitum og meðfram gluggum. Hljóðburður mikill inni á deildum.	Skipt um lýsingu í öllum skólanum. Hljóðeinangrun sett upp. Gert við þak og glugga.	Umhverfis- og skipulagssvið	Maí 2022	?	Lokið/Ólokið
Skólanámskrá og stefna	Foreldrar upplifa að þeir viti ekki nógu mikið um stefnu og skólanámskrá leikskólans Víðivalla.	Innleiða stefnu og skrifa skólanámskrá.	Leikskólustjóri	Ágúst 2022	Maí 2024	Lokið/Ólokið
Aðlögun barna	Foreldrar upplifa að hafa ekki fengið nægar upplýsingar um starfið á aðlögunartíma barnsins.	Barn og foreldri í aðlögun eigi lykilmanneskju á deildinni sem tekur alltaf á móti og miðlar upplýsingum.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Sept 2022	Foreldrakönnun
Upplýsingar til foreldra	Foreldrar vilja fá betri og meiri upplýsingar um hvað fer fram á leikskólanum.	Fréttabréf til foreldra í lok hverrar viku.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Mars 2022	Foreldrakönnun

<p>Hlutverk starfsmanna</p>	<p>Starfsfólk upplifir að þau viti ekki hvert þeirra hlutverk er og þeirra ábyrgð. Þau upplifa að þau fái verkefni án þess að fá viðeigandi fræðslu og úrræði til að leysa þau. Starfsfólk upplifir einnig að verkefni séu of mörg og þurfi að vinna á miklum hraða og að vinnan trufli heimilislífið.</p>	<p>Deildarstjórar skýri hlutverk inni á deildinni í upphafi skólaárs. Betri nýliðafræðsla þegar starfsmaður byrjar. Deildarstjóri nýti styrkleika starfsfólksins á deildinni.</p>	<p>Leikskóla- stjóri, Deildarstjóri</p>	<p>Ágúst 2022</p>	<p>Júní 2023</p>	<p>Starfsmanna- könnun</p>
<p>Samskipti starfsmanna</p>	<p>Starfsmannahópurinn upplifir mismunun í framkomu eftir aldri viðkomandi starfsmanns. 19 starfsmenn upplifðu að þeir hefðu séð einelti á vinnustaðnum. 16 starfsmenn upplifa tortryggni og vantraust á vinnustaðnum.</p>	<p>Nýr samskipta-sáttmáli Víðivalla. Hvetja fólk til þess að tala saman og ræða beint við aðilann sem það á í erfiðum samskiptum við. Leysa málin áður en þau stækka.</p>	<p>Leikskóla- stjóri, allt starfsfólk</p>	<p>Janúar 2022</p>	<p>Maí 2022</p>	<p>Starfsmanna- könnun</p>

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Við munum samræma betur vinnubrögð og starfsaðferðir milli deilda og hópa sem eru með sama aldur. Til þess þurfum við að gefa aukinn tíma í að hópstjórar sem eru með sama aldur, fundi saman og skipuleggi starf sitt að hluta til í sameiningu. Einnig höfum við skráð þemavikur á leikskóladagatalið fyrir næsta skólaár, sem hópstjórar og deildarstjórar munu nýta sér við skipulagningu á starfi vetrarins.

Við ætlum að styrkja og fræða starfsfólkið okkar betur. Þetta er gert til þess að starfsfólkið finni til meiri ábyrgðar og hafi möguleika á að vera sjálfstæðara í starfi. Til þess að gera það ætlum við að setja upp nýliðanámskeið sem verður haldið einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Einnig ætla deildarstjórar að hitta starfsfólkið sitt í byrjun skólaárs og finna leiðir til að nýta styrkleika hvers og eins í starfinu.

Orðaforðanámskrá Víðivalla verður sýnilegri í hópastarfi leikskólans og munum við tengja tímabil yfir árið við þemu orðaforðanámskráarinnar. Þetta mun styrkja hópstjóra í fjölbreyttari orðaforðanotkun og hjálpa þeim að hafa yfirsýn yfir orðaforða barnanna í þeirra hóp. Þetta gerir okkur einnig kleift að grípa snemma inn í ef börnin sýna frávik í orðaforðanotkun, sérstaklega þá börnin sem hafa annað móðurmál en íslensku.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	3	225%	Leikskólakennarafræði
Starfsmaður í leikskóla með stuðning	4	370%	Stúdentspróf, Grunnskólapróf
Deildarstjóri	3	265%	Leikskólakennarafræði
Háskólamenntaður deildarstjóri	2	190%	Landfræðingur, Sjúkrþjálfari
Starfsmaður í leikskóla	16	1383%	Stúdentspróf, Grunnskólapróf
Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla	7	510%	Grunnskólakennsla, Uppeldis og menntunarfræði Mannauðsstjórnun Viðskiptafræði og fl.
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennaramenntun og MBA
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Meistari í háriðn og kennslufræði iðnmeistara.
Sérkennslustjóri	1	85%	Þroskaþjálfari og MSc
Þroskaþjálfari	6	580%	Þroskaþjálfara menntun
Atvinna með stuðningi	2	100%	Grunnskólapróf Stúdentspróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tekur starfsmannasamtöl við allt starfsfólk leikskólans vorið og sumarið 2022.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

PECS grunnnámskeið - Deildarstjórar, þroskaþjálfar og starfsmenn með stuðning á deild.

Jákvæð sálfræði í skólasterfi – Aðstoðarleikskólastjóri

The autism show, the national event for autism – Þroskaþjálfari

Vorráðstefna RGR: Börn með fatlanir – virkni & velferð –Sérkennslustjóri og þroskaþjálfar

Starfsmaðurinn sem verkfæri, samskipti, og liðsheild – Allir starfsmenn

Grunnkynning á PECS – Allir starfsmenn

Dare to lead – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Klókir litlir krakkar – Þroskaþjálfari

Hjálp fyrir kvíðin börn – Þroskaþjálfari

Primal: Sigrum streituna – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Kennum nýja færni á vegum RGR, verður haldið á skipulagsdegi í febrúar 2023.

Vorráðstefna RGR – Maí 2023

Námsferð leikskólans Víðivalla 17.-21.maí 2023

Verndarar barna

Vináttuverkefni Barnaheilla

Nýliðafræðsla fyrir nýtt starfsfólk

Barnvænt sveitarfélag

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

Fjöldi barna í leikskólanum	86	
Kynjahlutfall	D: 57%	S: 43%
Dvalarstundir	832.93	
Deildargildi	4.34	
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. Greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki	10	
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroska, hegðunar, þroska, annað)	16	
Fjöldi barna með ofnæmi	2	
Fjöldi barna með óþol	6	
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	25	
Fjöldi tungumála	11	
Þjóðerni forsjáraðila	Foreldrar	Börn
Pólland	11	6
Serbía	1	1
Srí Lanka	4	2
Írak	2	1
Afganistan	1	1
Lettland	2	2
N-Makedónía	2	1
Svíþjóð	1	1
Litháen	1	2
Tékkland	1	1
Bandaríkin	1	1

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum úr hópi foreldra. Kosið verður í nýtt foreldraráð í ágúst 2022.

Leikskólastjóri boðaði til tveggja funda yfir veturinn, 21.mars og 1.júlí þetta árið. Þar fyrir utan boðar foreldraráð til funda eftir þörfum en þetta starfsár boðaði foreldraráð ekki til funda með stjórnendum.

Foreldrafundur var einn yfir starfsárið. En það var almennur foreldrafundur, haldinn 19.maí. Öllum foreldrum og forráðamönnum barna á leikskólanum var boðið, sem og foreldrum barna sem eiga pláss á leikskólanum haustið 2022.

Foreldrasamtöl voru haldin í maí og júní 2022.

Vegna heimsfaraldurs voru ekki mörg tækifæri til að halda foreldrafundi, stjórn foreldrafélags fyrra skólaárs hélt áfram á þessu skólaári. Kosið verður nýja stjórn foreldrafélags á haustönn 2022.

Foreldrafélagið sér um nokkra viðburði árlega;

Sumarhátíð foreldrafélagsins var haldin 8.júní. Foreldrafélagið leigði hoppukastala frá skátunum og stóðu þeir allan daginn. Klukkan 15:30 var foreldrum, forráðamönnum, ömmum, öfum og systkinum boðið í heimsókn. Leikhópurinn Lotta var með leiksýningu úti í garði og foreldrafélagið bauð upp á kleinur, svala og kaffi.

Foreldrafélagið kaupir inn leiksýningu í desember sem og jólagjöf til barnanna sem jólasveinn afhendir þeim á jólaballi skólans.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

September: Kennarar leikskólans hafa samband við kennara 6 ára barna í Víðistaðaskóla og þeir tala sig saman um samstarf milli skólastiga þann veturinn.

Október: Börnin á Víðivöllum fara í heimsókn í kennslustofu, fer eftir fjölda nemenda hvort þarf að skipta hópnum, miðað er við að þessi stund sé leik eða listastund. Morgunstund hentar í flestum tilfellum best og er gott að nýta heimsókn á leikvöllinn í leiðinni, fara í frímínútur.

Nóvember: Í tilefni dags íslenskrar tungu fáum við 2-4 börn úr eldri bekkjum (4. Bekk) í heimsókn og þau lesa upp fyrir okkur sögu eða ljóð. Ekkert varð úr þessari heimsókn í ár vegna samkomutakmarkana.

Desember: Börnum á leikskólanum boðið á leiksýningu í Víðistaðakirkju.

Febrúar: Börnin á leikskólanum koma í heimsókn í kennslustofu, þá hafa kennarar unnið verkefnabók sem börnin fá að vinna í kennslustund.

Mái: Leikskólabörnin koma í heimsókn þar sem skólastjórinn tekur á móti hópnum, það verður gengið með þau um skólann, þeim sýnd leikfimi aðstaða, tónlistarherbergi, matsalur og komið við hjá hjúkrunarfræðingi sem dæmi. Í ár var heimsóknin lengri en áður og tóku börnin þátt í frímínútum og hádegismat.

Ein heimsókn er svo farin þar sem börnin fara í heimsókn á bókasafnið og er kynnt aðstaðan þar.

5.4 Almennar upplýsingar

Sameiginlegur skipulagsdagur 13.mái 2021.

Sameiginlegur skipulagsdagur 15.nóvember 2021.

Skipulagsdagur 3.janúar 2022 – sem varð svo sameiginlegur skipulagsdagur.

Skipulagsdagur 11.mars 2022.

Sameiginlegur skipulagsdagur 25.mái 2022.

Skipulagsdagur 27.mái 2022.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - Heimsfaraldur – ekki til
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

Svanhildur Þirkisdóttir

Leikskólastjóri